



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Innviðaráðuneyti  
Sölvhólsgata 7  
101Reykjavík

miðvikudagur, 23. ágúst 2023  
MÍ202308-0145/ 6.00 / R.L.

<p>Aðalskrifstofa  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-  
0280</p>

## Efni: Grænbók um skipulagsmál

Minjastofnun Íslands fer með stjórnýslu menningarminja á grundvelli laga um menningarminjar nr. 80/2012 og veitir lögbundnar umsagnir um skipulagsmál og framkvæmdir. Minjastofnun er mikilvægur aðili að skipulagsferlum hérlendis og gætir að fornleifum, húsum og mannvirkjum sem heyra undir lög um menningarminjar og að viðhaldi mikilvægs menningarlandslags við skipulagsgerð.

Í Grænbók um skipulagsmál er á nokkrum stöðum tæpt á mikilvægi verndunar menningarminja og menningarlandslags sem er jákvætt.

Ekki er þó minnst á stofnunina sem fer með stjórn málaflokksins og nokkurrar ónákvæmni gætir á köflum í hugtakanotkun sem gæti reynst óheppileg í endanlegri stefnu.

Til að fyrirbyggja misskilning og til að skýra stjórnýslulega ábyrgð er mælt til þess að Minjastofnun Íslands og hlutverk hennar sé ritað inn í skjalið. Jafnframt að mikilvægi menningarminja og menningarlandslags við skipulagsgerð sé dregið skýrar fram.

Eftirfarandi eru nokkrar ábendingar um orðanotkun og hugtök:

1. Í inngangi segir: „Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun ásamt nýtingu og vernd haf- og strandsvæða.“

Bls.6

*Bæta mætti „minjavernd“ inn í upptalninguna.*

2. Áskoranir í skipulagsmálum samkvæmt spurningalista til sveitarfélaga frá 2022 kemur fram í lið 9 að gæta þurfi „skynsemi og hagkvæmrar nýtingar lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“

Bls. 10

**Rúnar Leifsson**  
Forstöðumaður  
runar@minjastofnun.is

*Hér mætti standa náttúru og „menningarminja“ til samræmis við lög um menningarminjar nr. 80/2012.*

3. Vitnað er til Menningarstefnu í mannvirkjagerð frá 2014 á bls. 17 og 27 og þar talað um „landslag menningarminja“ og mikilvægi þess að tryggja heildrænt og sögulegt yfirbragð húsa, götumynda og byggðamynsturs.

Bls. 17 og 27

*Í stað landslags menningarminja mætti einfaldlega segja „menningarlandslag“ sem er orðalagið sem notað er í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 1.gr.*

4. Í kafla 3.2.3. um Þjóðhagslega mikilvæga innviði segir að skipulagsyfirvöld skuli gera grein fyrir svæðum á aðalskipulagi sem falla þar undir sem og að sýna hvernig sveitarfélagið ætti að fullnægja skilgreindum hagsmunum, m.a. „verndun menningarumhverfis“

Bls. 22

*Hér væri sömuleiðis heppilegra að tala um verndun „menningarminja“ eða „menningarlandslags“ til samræmis við áður nefnd lög.*

5. Í kafla 3.2.7. Náttúruverndarsvæði og óbyggð víðerni er minnst á Rammaáætlun þar sem fram kemur að tillit skuli tekið til „verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja“.

Bls. 28

*Þetta orðalag er úr lögum um rammaáætlun nr. 48/2011. Hér er átt við „menningarminjar“ líkt og þær eru skilgreindar í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Heppilegt væri að samræma orðalag í lögum og notast við „menningarminjar“ í stað „menningarsögulegar minjar“.*

6. Í kafla 3.2.8. Nýting lands í dreifbýli er vísað til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til 2040, þar segir: „Sérkenni landbúnaðarlands og landslags verði virt, viðgangur vistkerfa verði tryggður og nytjaland, jarðfræðileg fjölbreytni og menningarlandslag verði varðveitt.“

Bls. 29

*Hér er notað sama orðalag og í lögum um menningarminjar og ekki ástæða til breytinga.*

7. Í kafla 4.3.6. Staðarmótun og landslagsvernd eru nefndar helstu áherslur, m.a.:

„Móta stefnu um skipulagsgerð sem stuðlar að varðveislu fjölbreytts og verðmæts landslags, s.s. óbyggðra víðerna, landslagsheilda og búsetulandslags sem hefur menningarlegt gildi“

Bls. 43

*Búsetulandslag er skilgreint í 3. gr. laga um menningarminjar og ekki gerðar athugasemdir við þetta orðalag.*

8. Í kafla 5.3. Nálgun við matsvinnu er farið yfir umhverfisvísa og viðmið. Þar eru menningarminjar í upptalningu yfir umhverfisvísa sem er gott. Hins vegar er innsláttarvilla í tilvitnun í lög um menningarminjar og þau sögð nr. 80/2005 hið rétta er 80/2012.

Bls. 45

9. Í kafla 7.1. Áherslur ráðherra fyrir endurskoðun landsskipulagsstefnu 2015-2026 í umfjöllun um landslag segir m.a.: „Mikilvægt er að skipulagsgerð sé nýtt til þess að tryggja að landnýting, útfærsla og staðsetning nýrra mannvirkja og byggðar stuðli að varðveislu fjölbreytts og verðmæts landslags, svo sem óbyggðra víðerna, sérstakra landslagsheilda og búsetulandslags sem hefur menningarlegt gildi.“

Bls. 52

*Búsetulandslag er skilgreint í 3. gr. laga um menningarminjar og ekki gerðar athugasemdir við þetta orðalag.*

Virðingarfyllst,

Rúnar Leifsson  
Forstöðumaður